



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Aðalfundur 30. mars 2015

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur hestamannafélagsins Glaðs var haldinn í Leifsbúð 30.03.2015. Mættir voru 19 félagsmenn.

1. Þórður Ingólfsson formaður setti fundinn og óskaði eftir að vera fundarstjóri og Margrét Guðbjartsdóttir ritari. Var það samþykkt.
2. Þórður bað formenn nefnda að skýra frá starfsemi hveurrar fyrir sig.
3. Heiðrún Sandra Grettisdóttir kynnti starfsemi fræðslunefndar. 3-1-2014 Hittingur á Dalakoti. Mætt voru 14 börn og unglingar samtals. Þriggja mánaða reiðnámskeið var haldið með Skildi Orra. Farið á Æskan og hesturinn, 16 krakkar. MS styrkti fræðslunefndina með kaupum á buffum. Í júní var Lárus Ástmar með reiðnámskeið. Og síðast en ekki síst var farið í skemmtilegan fjölskyldureiðtúr, 13 börn og fjölskyldur.
4. Svanhvít Gísladóttir, formaður mótanefndar, skýrði frá mótum sem haldin voru á árinu. 3 innanhússmót, vetrarleikar á vellinum, opið hestaíþróttamót og gæðingakeppni í júní og það einnig opið mót. Þátttaka var góð á öllum mótum. Hestamannafélög Vesturlands voru með sameiginlegt úrtökumót fyrir Landsmót í Borgarnesi. Vesturlandssýning fór fram í reiðhöllinni í Borgarnesi 29-3-2015, tók félagið Glaður þátt í undirbúningi og var með sýningaratriði.
5. Guðbjörn Guðmundsson kynnti framkvæmdir reiðvega og viðbótarpæning frá Vegagerðinni. Þórður sagði að peningur væri kominn, 850 þúsund. Eyþór Gíslason sagði að reiðvegaframkvæmdir við Saura hefðu farið fram úr veittum peningum.
6. Skjöldur Orri Skjaldarson sagði frá skemmtanahaldi sem var sameiginleg árshátíð hestamannafélaga Vesturlands. Var árshátíðin haldin að Laugu í Sælingsdal, tókst hún í alla staði mjög vel.
7. Svala Svavarsdóttir sagði frá starfsemi tölvunefndar sem kemur mjög vel út á mótum.
8. Þórður nefndi að starfandi væri hrossakynbótanefnd á vegum Glaðs. Valberg formaður, Styrmir Sæmundsson og Guðbjörn Guðmundsson. Þessi nefnd er tengiliður inn á HrossVest en Glaður er nú deild í sambandinu. Nefndarmenn eru sjálfkjörnir fulltrúar Glaðs á aðalfund HrossVest. Ekki hafa þeir mætt á fundi. Haldnir voru 4 stjórnarfundir hjá hestamannafélaginu. Tekið var til hendinni við að snyrta í kring um reiðvöll og hesthúshverfi.
9. Næsta mál á dagskrá var að Svala Svavarsdóttir las upp reikninga. Voru nokkrar vangaveltur um þá, Bryndís Karlsdóttir gerði athugasemd hvað varðar lottópeninga og aðra peninga sem kæmu frá UDN, 250 þús. Reikningar samþykktir.

10. Þórður fræddi fundargesti um að úr félaginu gengu 26 manns og í félagið gengu 9. Í félaginu eru nú 135.
11. Ákveðið var að hafa árgjaldið óbreytt þar sem félagið væri mjög vel stætt. 14-17 ára greiða 2.000 kr., fullorðnir 5.000 kr.
12. Kosningar. Úr stjórn á að ganga: Formaður, Þórður Ingólfsson og hann gefur kost á sér áfram. Kosinn með lófaklappi. Heiðrún Sandra Grettisdóttir, varaformaður, gaf hún kost á sér áfram. Kosin með lófaklappi.
Endurskoðandi til tveggja ára. En úr átti að ganga Valberg Sigfússon, hann klappaður upp. Fulltrúar á UDN þing var vísað til stjórnar.
Fræðslu- og æskulýðsnefnd. Heiðrún Sandra gefur ekki kost á sér. Í nefndina kemur Edda Unnsteinsdóttir. Svanborg Einarsdóttir þá formaður.
Mótanefnd. Styrmir gefur ekki kost á sér. Gísli S. Halldórsson kosinn. Svanhvít áfram formaður.
Reiðveganefnd. Sú sama, Guðbjörn formaður.
Tölvu- og tækninefnd. Ásgeir Salberg hættir. Björn Anton Einarsson inn.
Skemmtinefnd. Gyða Lúðvíksdóttir formaður. Sigrún Hanna Sigurðardóttir, Inga Heiða Halldórsdóttir og Arnar Þór Ólafsson.
Kynbótanefnd. Tillaga stjórnar að hún verði óbreytt.
Formaður Glaðs verði fulltrúi á aðalfund Nesodda ehf, ósk frá formanni.
13. Eyþór Gíslason skýrði frá LH þingi. Meðal annars að bannað væri að hafa skáreim með stöngum en það er búið að leyfa skáreim aftur. Það var rætt um Landsmót 2016 hvar það skyldi haldið, urðu mikil leiðindi um þessi mál sem varð til þess að formaður sagði af sér og síðan öll stjórnin og fundi slitið. Framhaldsfundur var svo haldinn í Reykjavík og var kosinn nýr formaður sem er Lárus Ástmar Hannesson og ný stjórn. Íslandsmót yngri og eldri verða haldin hjá Spretti árið 2015 og Íslandsmót yngri hjá Skugga í Borgarnesi 2016. Fulltrúar á LH þingi frá okkur voru Eyþór, Þórður og Heiðrún Sandra.
14. Önnur mál. Dómpallurinn skemmdist mikið í roki núna í vetur, það þarf að húa saman liði til að lagfæra hann. Gæðingafimi bar á góma, Svala spurði hvort ekki væri hægt að keppa í gæðingafimi. Gilbert spurði hvort hestamannafélagið stæði ekki fyrir lagfæringu á vegi niður í fjöru, verður það tekið til athugunar.

Fleira ekki tekið fyrir. Formaður þakkaði góða starfsemi félagsmanna. Fundi slitið.

Margrét Guðbjartsdóttir, fundarritari
Þórður Ingólfsson, formaður